

## Krulluannáll 2006

Í annað sinn lítur krulluannáll ársins dagsins ljós. Hér eru rifjuð upp úrslit móta og aðrir helstu viðburðir í starfsemi Krulludeildar Skautafélags Akureyrar og fleira sem tengist krulluiðkun á Íslandi.

Árið 2006 var að mörgu leyti svipað og árið 2005 hvað krulluna varðar. Ein ný krulludeild bættist við, Krulludeild Bjarnarins, en ekki hefur þó orðið vart við krulluiðkun innan þeirrar deildar enn sem komið er að minnsta kosti. Krulludeild Próttar hefur barist fyrir útbreiðslu íþróttarinnar syðra og vex vonandi fiskur um hrygg með nýjum búnaði sem deildin hefur fengið að undanfögnu. Iðkendum á Akureyri fjölgar hægt og bitandi og meðal annars hófst unglingastarf á árinu.

### Janúar

- **9.-14. - Nýliðamót í krullu, 14 lið, 81 leikmaður, 21 leikur.**
  1. **47**, 6 stig (3 sigrar), Kristján Porkelsson, Gunnar Óli Porkelsson, Erika Jensen og Jakob Þorsteinsson.
  2. **Goði.is**, 5 stig (2 sigrar, 1 jafntefli), Björn Ágúst Brynjarsson, Brynjar Smáráson, Heimir Jónasson, Ingvar Sigurðsson, Jón Einar Jóhannsson.
  3. **Penninn A**, 4 stig (2 sigrar, 1 tap), Jón G. Rögnvaldsson, Árni Grétar Árnason, Grétar Örn Ásgeirsson, Jón Kristinn Helgason.Fjöldmörg aukaverðlaun voru veitt, til dæmis óheppnasta liðinu, flottasta liðinu, fjörugasta liðinu, fyrir besta fagnið og svo útdráttarverðlaun.
- **16. - Minningarmót um Marjo Kristinsson hófst**



### Febrúar

- **16. janúar-6. febrúar: Minningarmót um Marjo Kristinsson, 12 lið, 57 leikmenn, 38 leikir**
  1. **Mammútar**, 6 stig í B-riðli, sigur í undanúrslitum og úrslitum, (5 sigrar, 2 töp), Arnar Sigurðsson, Björgvín Guðjónsson, John Júlíus Cariglia, Jón Ingi Sigurðsson, Ólafur Númason.
  2. **Kústarnir**, 9 stig í A-riðli, sigur í undanúrslitum, tap í úrslitum, 5 sigrar, 1 jafntefli, 1 tap), Eiríkur Bóasson, Gunnar H. Jóhannesson, Kristján Porkelsson, Ólafur Hreinsson, Pálmi Þorsteinsson.
  3. **Víkingar**, 8 stig í A-riðli, tap í undanúrslitum, sigur í bronsleik (5 sigrar, 2 töp), Björn Sigmundsson, Einar Már Guðmundsson, Gísli Kristinsson, Jóhann Björgvinsson, Rúnar Steingrímsson.
- **1.-17. Samkeppni á hálum ís, 6 lið, 26 leikmenn, 15 leikir**
  1. Nettó 8 stig (3 sigrar, 2 jafntefli), Atli Þór Helgason, Guðlaugur M. Ingason, María Rut Björgvinsdóttir og fleiri.
  2. 10-11 7 stig (3 sigrar, 1 jafntefli, 1 tap), Eva Rut Tryggvadóttir, Ingpór Björnsson, Sigurður Óli Sveinsson og fleiri.

3. Bónus 5 stig (2 sigrar, 1 jafntefli, 1 tap), Bergvin Gunnarsson, Brynjar Davíðsson, Ester Jónsdóttir og Stefán Sigurðsson.

- **13. - Mánaðarmótið hófst.**



## Mars

- **13. febrúar-8. mars - Mánaðarmótið, 9 lið, 39 leikmenn, 18 leikir, stigamót**

**1. Fálkar** 87 stig (4 sigrar), Árni Arason, Haraldur Ingólfsson, Júlíus Arason, Páll Viðar Árnason og Sigfús Sigfússon.

**2. Mammútar** 86 stig (3 sigrar, 1 tap), Arnar Sigurðsson, Björgvin Guðjónsson, John Júlíus Cariglia, Jón Ingi Sigurðsson og Ólafur Númasson.


**3. Bragðarefir**, 83 stig (3 sigrar, 1 tap), Heimir Jónasson, Jóhann Ingi Einarsson, Jón Ísleifsson, Jón Einar Jóhannsson.

- **4.-12. - HM eldri leikmanna (50+)**

Tvær breytingar urðu á liði Íslands í Heimsmeistaramóti eldri leikmanna frá því árið áður. Júlíus Arason og Sigurgeir Haraldsson gáfu ekki kost á sér en í stað þeirra komu Björn Sigmundsson og Eiríkur Bóasson. Þeir Ágúst Hilmarsson, Gísli Kristinsson og Hallgrímur Valsson voru áfram í liðinu og Jón Hansen var áfram þjálfari. Liðið lék 6 leiki, vann einn en tapaði fimm og endaði í 6. sæti af sjö í B-flokki, 14. sæti af 15. í heildina. Liðið sigraði Eistland 8-6 en tapaði síðan fyrir Japan 4-5, gegn Írlandi 4-8, gegn Finnlandi 5-11, Danmörku 2-11 og Wales 2-8. Myndunum sem birtar eru hér að neðan frá HM eldri leikmanna stal umsjónarmaður curling.is af vef mótshaldara í Danmörku.

- **3.-27. - Íslandsmótið, undankeppni, 13 lið, 61 leikmaður, 15 leikir!**

Í fyrsta skipti tóku lið frá Reykjavík þátt í Íslandsmótinu. Undankeppni fór fram í fjórum riðlum, einum fjögurra liða riðli í Reykjavík og þremur þriggja liða riðlum á Akureyri. Úrslitakeppnin fór fram í Skautahöllinni á Akureyri 31. mars og 1. apríl. Tvö lið úr hverjum riðli komust í 8-liða útsláttarkeppni. A-riðill: **Rubber Ducks** og **Hittnir**. B-riðill: **Mammútar** og **Sauðir**. C-riðill: **Bragðarefir** og **Fífurnar**. D-riðill: **Skyttarnar** og **Kústarnir**.



## Apríl

- **31. mars-1. apríl - Íslandsmótið, úrslitakeppni, 8 lið, 37 leikmenn, 12 leikir!**
  1. **Skytturnar** (3 sigrar í úrslitakeppninni, 2 sigrar í undankeppninni), Ágúst Hilmarsson, Hallgrímur Valsson, Jón S. Hansen, Sigurður Gunnarsson og Sigurgeir Haraldsson.
  2. **Mammútar** (2 sigrar og 1 tap í úrslitakeppninni, 2 sigrar í undankeppninni), Arnar Sigurðsson, Björgvin Guðjónsson, John Júlíus Cariglia, Jón Ingi Sigurðsson og Ólafur Númasson.
  3. **Bragðarefir** (2 sigrar og 1 tap í úrslitakeppninni, 2 sigrar í undankeppninni), Davíð Valsson, Heimir Jónasson, Jóhann Ingi Einarsson og Jón Einar Jóhannsson.
- **7. - Ísland tekið inn í Evrópska krullusambandið**

Íslendingar sendu fulltrúa sinn, Pál Tómasson, stjórnarmann í Krulludeild Próttar og nefndarmann í Krullunefnd ÍSí, á fund sem Evrópska krullusambandið hélt í tengslum við Heimsmeistaramótið í krullu í Bandaríkjunum. Á fundinum var samþykkt inngöngubeiðni Íslands í Evrópska krullusambandið (ECF, European Curling Federation).
- **27.-30. - Ice Cup, 14 lið, 65 leikmenn, 37 leikir.**
  1. **Ókunnugir** 10 stig + sigur í úrslitaleik (6 sigrar), Ben Wiegers, Reinier Bûtót, Richard Maskel og Viðar Jónsson.
  2. **Airport Bratislava - BTS**, 8 stig + tap í úrslitaleik (4 sigrar, 2 töp), Frantisek Pitonak, Boris Kutka, Milan Kajan, Gabriela Kajanova.
  3. **1.CC Bratislava**, 8 stig + sigur í bronsleik (5 sigrar, 1 tap), Pavel Kocian, Pavol Pitonak, Radomir Vozar, Juraj Kapolka.

Viðar varð fyrstur Íslendinga til að vinna til gullverðlauna á Ice Cup. Efsta íslenska liðið á Ice Cup var Víkingar en liðið tapaði fyrir 1.CC Bratislava í leik um bronsverðlaunin og endaði því í 4. sætinu.



## Maí

- **18. - Aðalfundur Skautafélags Akureyrar**

Aðalfundur Krulludeildar var haldinn á aðalfundi Skautafélagsins. Ein breyting varð á stjórn Krulludeildar. Einar Jóhannsson hætti í stjórn en í stað hans kom Ágúst Hilmarsson aftur inn í stjórnina. Í stjórn deildarinnar eru: Gísli Kristinsson formaður, Hallgrímur Valsson varaformaður, Ásgrímur Ágústsson ritari, Ólafur Hreinsson gjaldkeri, Ágúst Hilmarsson, Davíð Valsson og Jón Hansen.

Á fundinum var meðal annars samþykkt tillaga þess efnis að tekið skuli upp kjör á besta karli og bestu konu innan deildarinnar á hverri leiktíð, ásamt bestu nýliðunum af hvoru kyni og/eða efnilegustu leikmönnum og skuli kjörið fara fram í fyrsta sinn vorið 2007. Stjórn deildarinnar var falið að semja reglur um kjörið þannig að þær yrðu tilbúnar við upphaf keppnistímabilsins 2006-2007. Einnig var samþykkt tillaga með tilmælum til Krullunefndar ÍSÍ og stjórnar Krulludeildar að hefja stórátak við öflun styrktarsamninga í tengslum við þátttöku íslenskra liða á Evrópumótum í krullu.

Á fundinum kom meðal annars fram að hagnaður Krulludeildar á árinu 2005 varð 287.683,- krónur. Tekjur voru samtals 1.524.019,- krónur og gjöld samtals 1.236.336,- krónur.

- **22. - Krulludeild Skautafélags Akureyrar 10 ára**

Krulludeild SA var stofnuð á aðalfundi félagsins þann 22. maí 1996.

## Ágúst:

- **31. - Krulludeild Skautafélagsins Bjarnarins stofnuð á aðalfundi félagsins**

## Október

- **2. - Gimli Cup hófst**

## Nóvember

- **2. október - 13. nóvember - Gimli Cup, 10 lið, 47 leikmenn, 45 leikir**

**1. Mammútar** 12 stig (5 sigrar, 2 jafntefli, 2 töp), Arnar Sigurðsson, Björgvin Guðjónsson, John Júlíus Cariglia, Jón Ingi Sigurðsson og Ólafur Númason. (30 stig í skotkeppni).

**2. Víkingar** 12 stig (6 sigrar, 6 töp), Björn Sigmundsson, Gísli Kristinsson, Jóhann Björgvinsson, Leifur Ólafsson og Rúnar Steingrímsson. (2 stig í skotkeppni).

**3. Fálkar** 12 stig (5 sigrar, 2 jafntefli, 2 töp), Árni Arason, Haraldur Ingólfsson, Ómar Ólafsson, Páll Viðar Árnason og Sigfús Sigfússon. (0 stig í skotkeppni).

Í fyrsta sinn var notast við skotkeppni allra liða við upphaf móts til að skera úr um röð liða sem myndu enda jöfn að stigum. Mótið reyndist eitt það jafnasta sem haldið hefur verið í krullu hér á landi því fjögur lið enduðu með 12 stig.

- **10.-12. - Fálkar í 4. sæti á Glenfarclas Anniversary Bonspiel í Englandi**

Tveir liðsmenn úr Fálkum ásamt tveimur krullurum úr Krulludeild Próttar kepptu undir merkjum Fálka á móti í Fenton's Rink í Kent á Englandi. Liðið vann 3 leiki og tapaði 2, endaði í 4. sæti af 12 liðum. Liðsmenn: Árni Arason, Bjarni Sæmundsson, Haraldur Ingólfsson og Þorgeir Einarsson.

- **22. - Bikarmótið hófst**

- **29. - Akureyrarmótið hófst**



## Desember

- 22. nóvember-4. desember - Bikarmótið, 11 lið, 51 leikmaður, 12 leikir**
  - Garpar (4 sigrar), Albert Hannesson, Ásgrímur Ágústsson, Hallgrímur Valsson, Sigurður Aðils og Yngvar Björskol. Garpar sigruðu Norðan 12 í framlengdum úrslitaleik, 6-4.
  - Norðan 12 (3 sigrar, 1 tap), Anna Eyfjörð Eiríksdóttir, Helgi Valur Harðarson, Jens K. Gíslason, Marija Baric og Valdís Ösp Jónsdóttir.
  - 4. Fálkar og Skytturmar
- 29. nóvember-29. janúar - Akureyrarmótið, 11 lið, 52 leikmenn, 45 leikir**

Þó svo Akureyrarmótið standi til 29. janúar 2007 er keppt um titilinn Akureyrarmeistari 2006. Úrslit mótsins verða því færð hér inn þegar þar að kemur og talin með undir annál ársins 2006.
- 22. - Krullumaður ársins**

Krullunefnd ÍSÍ tilkynnti um val sitt á krullumanni ársins. Jón S. Hansen varð fyrir valinu að þessu sinni. Hann tók við viðurkenningu í hófi Samtaka íþróttafréttamanna 28. desember sem haldið var í tilefni af kjöri á íþróttamanni ársins.
- 28. - Áramótamótið, 8 lið, 29 leikmenn**
  - Arnar Sigurðsson, Davíð Valsson, Eiríkur Bóasson og Jóhann Símon Björnsson.
  - Hallgrímur Valsson, Helgi Valur Harðarson, Jens Kristinn Gíslason og Sigurjón Steinsson.
  - Björgvin Guðjónsson, Kristján Þorkelsson, Ólafur Númason og Sveinn H. Steingrímsson.



Krulluvefurinn þakkar lesturinn á árinu og vonar að einhverjir hafi notið fréttu og upplýsinga sem komið hafa fram á vefnum, hvort tveggja hér í annálnum sem og annars staðar.

Með óskum um gott krulluár á innlendum og alþjóðlegum vettvangi!